



Velferðarnefnd

Fundargerð 8. fundar velferðarnefndar Langanesbyggðar mánudaginn 5. febrúar 2018. Fundurinn er haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar og hófst kl. 16:00.

Mætt voru: Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Ránar Jónsson og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Forföll tilkynnti Gréta Bergrún Jóhannesdóttir.

Varaformaður spurði hvort athugasemd væri gerð við fundarboð. Svo var ekki og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Íþróttamiðstöðin Ver

Lögð fram gildandi verðskrá, umgengnisreglur, o.fl. Einnig farið yfir fyrirhugaðar framkvæmdir á rekstri og skipulagi hússins. Eypór Atli Jónsson forstöðumaður Vers mætti á fundinn undir þessum lið.

Samþykkt um bókun: Nefndin fagnar fyrirhuguðum breytingum á íþrótt- og æfingaaðstöðu Vers. Nefndin lýsir einnig ánægju sinni með nýtt aðgangsstýringarkerfi og telur að það geti leitt til betri nýtingar aðstöðu hússins. Enn fremur er tekið undir nauðsyn á skilvirku uppgjörskerfi sem mælir betur nýtingu íþróttamannavirkja sveitarfélagsins jafnóðum. Þá samþykkir nefndin fyrir sitt leyti meðfylgjandi verðskrá og umgengnisreglur. Nefndin leggur til að þeir sem borgi fyrir aðgang að þreksal eða í stórasal, hafi aðgang að heitum potti og í sundlaug þegar hún er opin. Samþykkt að mæla með endurskoðun verðskrár samhliða breytingum á íþróttahúsi.

Samþykkt samhljóða.

2. Lýðheilsustefna

Fyrir liggja samþykkt sveitarstjórnar að hefja undirbúning að mótun lýðheilsustefnu og fjárveitingu til verkefnisins.

Samþykkt um bókun: Sveitarstjóra falið að afla gagna og koma með tillögur um næstu skref í samræmi við fyrirliggjandi hugmyndir og kynna á næsta fundi nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

3. Umsókn um hæfi verkefnis fyrir frístundastyrk

Lögð fram umsókn UMFL dags. 17. janúar sl. Einnig eru fram lagðar vinnureglur og samþykktir um frístundastyrki árið 2018.

Samþykkt um bókun: Nefndin samþykkir fyrir sitt leyti að æfingar UMFL, skv. framlagðri æfingaskrá, uppfylli skilyrði sveitarfélagsins um frístundastyrki. Því verði



heimilt að sækja um endurgreiðslu vegna þessara námskeiða gegn framvísun á greiðslukvittun.

Samþykkt samhljóða.

4. Erindi frá áhugahópi um skotíþróttir

Erindi frá áhugahópi um skotíþróttir, dags. 20. nóvember 2017, lagt fram að nýju.

Samþykkt um bókun: Velferðarnefnd samþykkir að beina því til sveitarstjóra að hafin verði undirbúningur að leit að svæði fyrir skotæfingar í nágrenni Þórshafnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:59.